

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 89/1957. **Skipaútgæð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
 gegn

Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

Dómdendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
 og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Magnús P. Torfason.

Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1957. Krefst hann þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 102.636,74, en *til vara* kr. 60.000,00 ásamt 6% ársvöxtum af dæmdri fjárhæð frá 13. apríl 1955 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst sýknu af framangreindum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi á hendur stefnda í héraði með stefnu, birtri 13. apríl 1955. Er stefndi þar krafinn um greiðslu á kr. 108.014,59 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. október 1952 og málskostnaði. Samkvæmt greinargerð, sem áfrýjandi lagði fram við þingfestingu í héraði 16. apríl 1955, má sundurliða kröfu hans þannig:

I. Ofreiknuð málfærslulaun í 6 tilteknum dómsmálum	kr. 82.368,25
II. Vaxtakrafa	— 21.002,86
III. „Innheimtukrafa“	— 21.430,00
Samtals	kr. 124.801,11
Hér frá dregst samkvæmt viðskiptareikningi	— 16.786,52
Og kemur þá út dómkrafan	kr. 108.014,59

Málatilbúnaði og málflutningi í héraði af hálfu áfrýjanda er mjög áfátt. Um þau atriði skal eftirfarandi tekið fram um hvern einstakan framangreindra kröfuliða:

Um I. Í héraðsstefnu er málavöxtum um þenna kröfulið einungis lýst þannig: „Ólafur Þorgrímsson hrl. var mál-færslumaður Skipaútgerðar ríkisins um nokkurt skeið, en allt til þessa árs hefur staðið í málaferlum við hann út af mál-færslulaunum hans, og hafa þau með úrskurðum stjórn-ar Lögmannafélags Íslands verið lækkuð allverulega, án þess að Ólafur hafi skotið úrskurðunum til Hæstaréttar“. Í fyrr-nefndri greinargerð, sem fram var lögð með stefnu, er frá því skýrt, í hvaða dómsmálum áfrýjandi telur stefnda hafa ofreiknað sér mál-færslulaun og hverri fjárhæð það nemi í hverju máli, en að öðru leyti er málavöxtum ekki ræki-legar lýst í greinargerð en í stefnu. Er þannig ekkert að því vikið, hvenær starf stefnda í þágu áfrýjanda hafi hafizt, hvenær því hafi lokið né hvað samizt hafi um starfskjör hans. Ekkert segir heldur í greinargerð um hin einstöku dómsmál, sem stefndi flutti fyrir áfrýjanda og mál þetta varða, svo sem, hvenær stefnda var falinn flutningur þeirra, hvenær þau voru höfðuð, hverjar kröfur voru í þeim gerð-ar né hverja úrlausn þau hlutu fyrir dómstólum og hvenær. Þá er ekki heldur frá því greint, sem þó er aðalatriði í mál-inu, hversu há mál-færslulaun stefndi hafi reiknað sér í hverju einstöku máli og hvenær reikningsskil hafi verið gerð af hans hálfu um hvert mál. Í greinargerð er ekki frá því skýrt, hvenær áfrýjandi hafi lagt ágreining aðilja undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands né hvenær þeir úrskurðir hafi gengið. Samkvæmt þessu skorti í stefnu og greinargerð lýsingu málavaxta og reifun á flestum hinum veigamestu atriðum málsins, að því er þenna kröfulið varðar.

Við þingfestingu málsins í héraði lagði áfrýjandi enn fremur fram svonefndan viðskiptareikning aðilja um tíma-bilið frá 25. september 1944 til 1. október 1952. Virðist reikn-ingur þessi ekki tekinn eftir bókhalði, sem fært hafi verið, jafnóðum og viðskiptin gerðust, enda er hann mjög óglöggur. Verður lítt af honum ráðið um þau atriði í skiptum að-

ilja, sem dómstólum er ætlað að veita úrlausn um í þessu máli.

Eftir þingfestingu málsins í héraði hinn 16. apríl 1955 lagði áfrýjandi fram nokkur skjöl í síðari þinghöldum, þar á meðal endurrit af úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands í þinghöldum 29. október 1955, 4. febrúar 1956 og loks 25. janúar 1957, er fram fór munnlegur flutningur málsins. Eftir það var samkvæmt ábendingu héraðsdómenda málið endurupptekið til þess að veita aðiljum færi á framlagningu frekari gagna. Voru þá í þinghaldi 16. febrúar 1957, er munnlegur málflutningur fór fram öðru sinni, lögð fram af hálfu áfrýjanda 16 ný skjöl frá árunum 1944 til 1950. Öll þau gögn, sem áfrýjandi lagði þannig smám saman fram eftir þingfestingu málsins, voru fyrir hendi í upphafi máls og brýn þörf á því, að sum þeirra kæmu þá þegar fram. Hefur meginhluti málsgagna varðandi I. kröfulið þannig verið lagður fram í dómi, án þess að nokkuð hafi verið úr þeim gögnum unnið né þau skýrð í reifun málsins fyrr en í munnlegum málflutningi.

Um II. Samkvæmt skjali, sem áfrýjandi lagði fram við þingfestingu málsins í héraði, telur hann stefnda til skuldar vexti af „skuld“ á tímabilinu 1941—1952, samtals kr. 21.002,86. Fyrir kröfu þessari er gerð svofelld grein í héraðsstefnu: „Þar sem Skipaútgerð ríkisins hefur orðið fyrir vaxtatjóni á skuld Ólafs beinlínis fyrir vanskil hans, hefur hún reiknað vexti á skuld hans, venjulega sparisjóðsvexti af innstæðufé“. Í greinargerð áfrýjanda segir ekki meira um þenna kröfulið en í stefnunni, og af gögnum málsins verður ekki neitt ráðið um það, hvaða innstæðu áfrýjandi hafi átt í vörzlum stefnda á hverjum tíma, enda sýnist vaxtareikningur þessi ekki vera í samræmi við fyrrgreindan viðskiptareikning, sem áfrýjandi lagði fram í málinu. Þrátt fyrir mótmæli stefnda gegn vaxtakröfu þessari hefur áfrýjandi látið undir höfuð leggjast að reifa hana nánar.

Um III. Hér krefur áfrýjandi stefnda um kr. 21.430.00 vegna vanrækslu hans um innheimtu tiltekinnar kröfu. Um það segir þetta eitt í stefnu: . . . „auk þess hefur hann

ekki innheimt kröfu vegna v/s Sæfinns, er hann þó auðveldlega gat innheimt, og ónýttist hún vegna fyrningar í höndum hans“. Í greinargerð í héraði er einnig allsendis ófullnægjandi reifun um þenna kröfulið. Það er yfirleitt ekki vikið að málsatvikum, svo sem því, hvenær nefnd krafa hafi stofnast, hvenær hún hafi verið falin stefnda til innheimtu og hvenær og samkvæmt hvaða lagaákvæði hún hafi fyrnt. Hefur og lítt verið bætt úr þessari vanreifun síðar í málflutningi, þó að stefndi hafi eindregið mótmælt því, að hann hafi tekið að sér innheimtu kröfunnar.

Eins og lýst hefur verið hér að framan, hefur mál þetta verið tekið upp og rekið í héraði af hálfu áfrýjanda með þeim hætti, sem mjög brýtur í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málflutning. Hefði héraðsdómur átt að vísa málinu frá dómi af þessum sökum, og þar sem hann hefur ekki gert það, verður að ógilda dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 4.000,00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Ólafi Þorgrímssyni, kr. 4.000,00 upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 8. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., hefur Skipaútgerð ríkisins hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. apríl 1955, gegn Ólafi Þorgrímssyni, hæstaréttarlögmanni hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjár-

hæð kr. 108.014,59, auk 6% ársvaxta frá 10. október 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 1.877,85 eða niður í kr. 106.136,74, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi krefst aðallega sýknu gegn greiðslu á kr. 3.738,00. Til vara krefst hann lækkunar á stefnukröfunni og mótmælir sérstaklega kröfu stefnanda um vexti. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Málavextir eru þessir:

Um nokkurt skeið hafði stefndi með höndum málflutningsstörf fyrir stefnanda. Hafði hann verið ráðinn til þessa starfa af ráðherra. Í málinu hefur ekki annað komið fram um ráðningarkjör stefnda en bréf samgöngumálaráðherra, dags. 9. maí 1952, en þar segir, að stefndi hafi verið „ráðinn málfærslumaður Skipaútgerðar ríkisins með þeim kjörum, að hann taki fyrir málflutning eftir taxta málflutningsmannafélagsins, en reiknaði sér hins vegar ekki sérstaka þóknun fyrir viðtöl eða almenn lögfræðileg leiðbeiningarstörf, er Skipaútgerð ríkisins leitaði til hans um.“ Ekkert hefur komið fram í málinu um það, hvenær stefndi hóf málfærslustörf fyrir stefnanda samkvæmt ráðningarsamningnum, né heldur, hvenær hann lét af þeim störfum, en það virðist ágreiningslaust, að stefndi hafi flutt mál þau, er síðar greinir, meðan ráðningarsamningurinn var í gildi.

Stefndi mun hafa haft þann hátt á að ákveða sjálfur málfærslulaun sín fyrir flutning hinna einstöku mála og taka greiðslu á málfærslulaununum undir sjálfum sér af fé, er hann hafði innheimt fyrir stefnanda. Síðar sendi hann svo stefnanda skilagreinar um viðskiptin.

Stefnandi telur, að stefndi hafi reiknað sér og tekið of há málfærslulaun í nokkrum tilteknum málum, og eftir að honum höfðu borizt skilagreinar frá stefnda, mótmælti hann sem of háum málflutningslaunum þeim, sem stefndi hafði reiknað sér í málum þessum, en stefndi taldi málfærslulaunin hins vegar ekki of hátt reiknuð. Síðar lagði stefnandi ágreiningsefni þessi undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61 frá 1942, og með úrskurðum stjórnarinnar voru málfærslulaun stefnda ákveðin lægri en hann hafði reiknað sér. Allöngu síðar höfðaði stefndi mál þetta, og er meginhluti stefnukröfunnar endurheimta úr hendi stefnda á meintum ofteknum mál-

færslulaunum. Þá telur stefnandi, að stefndi hafi með vangæzlu látið ónýttast í sínum höndum vegna fyrningar kröfu vegna v/s Sæfinns, er honum hafi verið falin til innheimtu. Loks reiknar stefnandi sér í sérstökum kröfuleið vexti af meintu innstæðufé sínu hjá stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

I. Oftekin málfærslulaun samkvæmt úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands:	
a. Í Persier-máli	kr. 15.000,00
b. Í Wirta-máli	— 4.369,73
c. Í Þingeyjarmálum (tveim)	— 2.869,20
d. Í Sæfinnsmáli	— 11.050,00
e. Í Rolf Jarls-máli	— 45.341,23
f. Í Skeljungsmáli (sátt)	— 3.738,09
	Kr. 82.368,25
II. Vaxtakrafa	— 21.002,86
III. Skaðabætur vegna fyrningar á kröfu	— 21.430,00

Samtals kr. 124.801,11

Frá fjárhæð þessari dregur stefnandi kr. 16.786,52 og kr. 1.877,85, og nemur mismunurinn hinnj umkröfðu upphæð.

Stefndi reisir sýknukröfuna í fyrsta lagi á því, að þar sem hann hafi verið ráðinn til málflutningsstarfans af ráðherra, en ekki stefnanda, sé stefnandi ekkj réttur aðili að málinu.

Það er að vísu svo, að yfirmaður stefnanda, ráðherra, réð stefnda til málfærslustarfa fyrir stefnanda. Hins vegar átti stefndi bein samskipti við stefnanda út af málflutningsstörfunum og gerði stefnanda skil á innheimtufé að frádregnum málfærslulaunum sínum og kostnaði. Er stefnandi því réttur aðili að máli þessu, og verður því umrædd sýknuástæða stefnda ekki tekin til greina.

Verða nú einstakir kröfuleiðir stefnanda teknir til athugunar hver fyrir sig.

Um I. almennt. Stefndi hefur mótmælt því, að úrskurðir stjórnar Lögmannafélags Íslands í málum þeim, sem undir þessum lið eru talin, séu bindandi fyrir hann, þar sem í öllum málunum hafi legið fyrir málsástæður, sem stjórnin hafi ekkj verið bær til að dæma um.

Í þessu máli hafa verið lagðir fram úrskurðir stjórnar LMFÍ í öllum greindum málum. Verður ekkj séð, að stjórnin hafi farið

út fyrir valdsvið sitt í úrskurðum sínum, og ber því að leggja ákvarðanir stjórnarinnar í úrskurðunum til grundvallar um það, hver séu hæfileg málfærslulaun til stefnda í hverju einstöku máli, ef svo yrði litið á, að stefnandi ætti rétt til endurheimtu úr hendi stefnda á ofteignum málfærslulaunum, enda hefur stefndi ekki neytt heimildar síðustu málsgreinar 8. gr. áðurnefndra laga til að kæra úrskurðina til Hæstaréttar.

Kröfu sína um sýknu af kröfuliðunum a—e reisir stefndi á því, að stefnandi hafi fyrirgert endurkröfurétti sínum, ef um hann hefði verið að ræða, með aðgerðaleyfi, auk þess sem endurgreiðslukröfurnar séu fyrndar.

Stefnandi hefur mótmælt þessum sýknuástæðum stefnda.

Um a. Hinn 28. febrúar 1941 strandaði e/s Persier á Kötlu-töngum á Mýrdalssandi. Í marzmánuði fól stefnandi stefnda að innheimta laun fyrir það, að v/s Ægir hefði bjargað skipinu. Með stefnu, út gefinni 26. júní 1941, höfðaði stefndi f. h. stefnanda mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda e/s Persiers, skips og farms. Krafðist hann greiðslu á kr. 1.937.755,00 auk vaxta og málskostnaðar. Lauk máli þessu með dómi sjó- og verzlunardómsins 10. marz 1942 með þeim úrslitum, að stefnda í því máli var dæmt að greiða stefnanda kr. 1.000.000,00 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og stefnandi gagnáfrýjaði, en krafðist nú aðeins kr. 1.288.750,00, þar sem aðiljar höfðu orðið ásáttir um, að björgunarlaun vegna bifreiða, er bjargað hafði verið úr e/s Persier, skyldu ekki ákveðin í því máli, heldur á annan hátt. Málinu lyktaði með dómi Hæstaréttar 3. marz 1943, er skyldaði aðaláfrýjanda til að greiða stefnanda kr. 500.000,00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og samtals kr. 17.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 27. september 1944 virðist stefndi senda stefnanda reikning fyrir flutning málsins fyrir báðum dómum, að fjárhæð kr. 65.000,00. Af því tilefni ritaði stefnandi stefnda bréf 7. október s. á. og mæltist þar til, að stefndi lækkaði reikning sinn niður í kr. 25.000,00.

Stefndi sendi mál þetta til stjórnar Lögmannafélags Íslands 23. október 1944, og var það borið undir stefnanda, en þar sem stefnandi beiddist álits félagsstjórnarinnar í bréfi, dags. 27. desember s. á., þótti henni rétt að senda málið til gjaldskrárnefndar félags-

ins. Gjaldskrárnefndin lét í té álit sitt 10. júlí 1945, og taldi hún reikning stefnda ekki ósanngjarnan. Áliti þessu vildi stefnandi ekki una og bar ágreininginn undir stjórn félagsins með bréfi 6. september 1945. Með úrskurði, upp kveðnum 18. desember 1945, ákvað stjórnin hæfilega þóknun til stefnda fyrir flutning Persier-málsins kr. 50.000,00. Einn stjórnarmanna greiddi sératkvæði um þóknunina og taldi hana hæfilega kr. 64.749,45.

Hinn 16. apríl 1946 ritar stefnandi stefnda bréf, þar sem hann tjáir stefnda, að dómsmálaráðuneytið sætti sig við úrskurðinn í Persier-málinu, og kveðst vænta þess að fá þegar reikningsskil frá stefnda vegna málsins.

Fjárhæðin, sem stefnandi endurkrefur samkvæmt þessum lið, er mismunurinn á hinni úrskurðuðu málflutningsþóknun til stefnda og þóknun þeirri, er stefndi hafði reiknað sér, eða kr. 15.000,00. En undir rekstri málsins hefur stefnandi samþykkt, að til frádráttar megi koma kostnaður stefnda af málinu, kr. 250,55, og lækkar því endurgreiðslukrafan niður í kr. 14.749,45.

Það verður ekki séð, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til endurheimtunnar, eftir að hann ritaði stefnda bréfið frá 16. apríl 1946 og þar til stefna var birt í máli þessu 13. apríl 1955 eða í tæp 9 ár. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi með aðgerðaleyssi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umrædds máls. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um b. Hinn 24. janúar 1941 strandaði e/s Wirta í Skerjafirði við Reykjavík. Var ýmsum varningi bjargað úr skipinu, og tóku m. a. þátt í þessari starfsemi nokkur skip á vegum stefnanda. Stefnda var falið að taka að sér flutning væntanlegs máls út af björgunarlaununum, og höfðaði stefndi mál með stefnu, út gefinni 12. marz 1941, til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 257.784,60, auk vaxta og málskostnaðar. Var stefnda í héraði dæmd ein heildarupphæð, kr. 130.000,00, auk 5% ársvaxta frá 12. marz 1941 til greiðsludags og kr. 4.500,00 í málskostnað. Stefndu í héraði skutu dómi þessum til Hæstaréttar, er ómerkti dóm undirréttar og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar dómsálagningar að nýju. Dómur gekk svo í héraði hinn 30. janúar 1942 með sömu niðurstöðu og í fyrra skiptið. Þessum dómi áfrýjaði stefndi í héraði með stefnu 2. marz 1942, og honum var gagnáfrýjað af hálfu stefnda. Gerði gagnáfrýjandi í Hæstarétti sömu kröfur og í héraði. Í Hæstarétti gekk dómur í málinu 22. apríl 1942, og voru gagnáfrýjanda tildæmd björgunarlaun í einu lagi fyrir 6 tiltekin skip

kr. 115.000,00 auk vaxta og kr. 6.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Eftir að stefndi hafði fengið dóm þennan, innheimti hann hina tildæmdu fjárhæð og fékk löggiltan endurskoðanda til þess að skipta björgunarlaununum. Í uppgjöri sínu reiknaði stefndi sér kr. 19.369,73 samtals í útlögð gjöld og þóknun fyrir málflutninginn. Í máli þessu greinir aðilja á um það, hvenær stefnandi hafi fyrst fengið vitneskju um málskostnaðar-reikning stefnda. Heldur stefndi því fram, að hann hafi sent stefnanda ódagsett uppgjör vegna Wirta-málsins fyrir 10. júlí 1942, og styður þá staðhæfingu við það, að samkvæmt stofni kvittanaheftis, er hann hefur lagt fram í málinu, hafi hann greitt þennan dag tilteknum manni hans hluta af björgunarlaununum, en venja sín hafi verið sú að senda stefnanda uppgjör, áður en hann hafi hafið útborgun björgunarlauna.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að honum hafi ekki borizt hið ódagsetta uppgjör stefnda fyrr en einhvern tíma á tímabilinu frá 9. febrúar til 9. október 1944.

Samkvæmt endurriti af bréfum frá stefnanda til stefnda, dags. 9. febrúar og 27. júní 1944, krefur stefnandi stefnda um reikningsskil vegna björgunarlauna fyrir farminn úr Wirta. Eftir endurriti af bréfi til stefnda, dags. 9. okt. 1944, viðurkennir stefnandi að hafa mótttekið bréf frá stefnda, dags. 25. september 1944, ásamt reikningi yfir björgunarlaunin. Þá viðurkennir stefnandi í bréfi þessu, að áður hafi hann fengið ódagsett uppgjör á björgunarlaununum og málskostnaði, þar sem málskostnaðurinn sé talinn 19.369,73. Í bréfinu telur stefnandi, að stefndi hafi reiknað sér svo há málflutningslaun, að ekki verði við unað, og kveðst vænta svars stefnda varðandi lækkun á þeim. Eftir bréfaskiptum aðiljanna, þeim er hér hafa verið rakin, verður að telja ósannað, að stefnanda hafi borizt skilagrein frá stefnda fyrr en eftir 27. júní 1944.

Það verður ekki séð, að stefndi hafi svarað tilmælum stefnanda í bréfinu frá 9. október 1944 um lækkun málfærslulaunanna, og með bréfi, dags. 2. desember 1946, til stjórnar Lögmannafélags Íslands óskaði stefnandi úrskurðar félagsstjórnarinnar um ágreininginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi aðilja tók félagið ágreininginn til úrskurðar 24. júlí 1947, og með úrskurði, upp kveðnum 20. ágúst s. á., ákvað hún þóknun stefnda fyrir störf hans í Wirta-málinu kr. 15.000,00. Undir rekstri málsins hefur stefnandi lækkað kröfuna undir þessum lið um kr. 369,73, en það er viðurkenndur útlagður kostnaður stefnda í

Wirta-málinu, eða niður í kr. 4.000,00, sem er mismunurinn á málflutningsþóknun þeirri, er stefndi reiknaði sér, og hinni úrskurðuðu þóknun.

Það verður ekki séð af gögnum málsins, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til að innheimta þennan mismun, frá því úrskurður félagsstjórnarinnar var upp kveðinn og þar til mál þetta var höfðað. Hefur stefnandi þannig, eftir því sem fram hefur komið, látið líða rúmlega 2 ár, frá því hann kvartaði við stefnda yfir fjárhæð málfærslulaunanna og þar til hann leitaði úrskurðar stjórnar Lögmannafélagsins, og síðan rúmlega 7½ ár frá uppkvaðningu úrskurðarins og þar til stefna er birt í máli þessu. Verður að telja, að stefnandi hafi með þessu hátterni sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umrædds máls. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um c. Hinn 24. apríl 1945 varð árekstur í Reykjavíkurhöfn milli skips stefnanda, m/s Esju, og v/b Þingeyjar. Við áreksturinn urðu svo miklar skemmdir á vélbátnum, að hann var talinn óbætandi. Greiddu því váttryggjendur bátsins eigendum hans vátryggingarfjárhæðina, sem nam að frádregnum 10% í eigin áhættu kr. 87.300,00. Samkvæmt mati dómkvaddra manna var verðmæti bátsins fyrir áreksturinn talið hafa verið kr. 156.800,00.

Út af atviki þessu voru höfðuð tvö dómsmál á hendur stefnanda, annað af váttryggjendum Þingeyjar og hitt af eigendum hennar. Flutti stefndi bæði þessi mál. Nam stefnukrafan í máli váttryggjenda kr. 71.375,00 auk vaxta og málskostnaðar. Úrslit málsins urðu þau, að m/s Esja var talin bera $\frac{3}{4}$ hluta sakar á árekstrinum og stefnandi dæmdur til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta dómkröfunnar auk vaxta og kr. 3.000,00 í málskostnað. Máli þessu var áfrýjað, en áfrýjunin síðar felld niður. Í máli eigenda v/b Þingeyjar nam stefnukrafan kr. 79.500,00. Í héraði var stefnandi einnig dæmdur til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta stefnukröfunnar. Þessu máli var áfrýjað og taldi Hæstiréttur m/s Esju eiga að bera $\frac{3}{5}$ hluta sakar af árekstrinum og dæmdi stefnanda til að greiða $\frac{3}{5}$ hluta dómkröfunnar eða kr. 47.700,00 auk vaxta og kr. 3.500,00 í málskostnað fyrir báðum dómum. Að fenginni þessari niðurstöðu Hæstaréttar varð samkomulag um það milli váttryggjenda Þingeyjar og stefnanda að leggja sakarskiptingu Hæstaréttar til grundvallar í máli þessara aðilja, og eftir því ber stefnanda að greiða váttryggjendum $\frac{3}{5}$ hluta kröfu þeirra auk vaxta og málskostnaðar eins og ákveðið var í héraðsdómi.

Stefndi reiknaði sér kr. 5.000,00 í málflutningslaun fyrir flutning máls váttryggjenda á hendur stefnanda og kr. 10.000,00 fyrir flutning hins málsins eða samtals kr. 15.000,00. Sendi stefndi stefnanda reikning fyrir flutning máls eigendanna hinn 1. ágúst 1947, og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, kemur fram málflutningskostnaður stefnda í báðum málunum. Ekki verður séð, að stefnandi hafi gert sérstakar athugasemdir út af málskostnaðar-reikningi stefnda frá 1. ágúst 1947, fyrr en hann með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 22. desember 1950, kvartar yfir því, að þóknun sú, sem stefndi hafi áskilið sér fyrir flutning umræddra mála, sé of há og óskar úrskurðar stjórnarinnar um ágreininginn. Með úrskurðum, upp kveðnum 25. nóvember 1951, ákvað stjórnin þóknun stefnda fyrir flutning máls váttryggjenda Þingeyjar kr. 3.500,00 og fyrir flutning máls eigenda hennar kr. 8.500,00 eða samtals kr. 12.000,00.

Telur stefnandi, að stefndi hafi þannig ofreiknað sér kr. 3.000,00 fyrir flutning umræddra mála, en undir rekstri málsins hefur hann samþykkt, að til frádráttar megi koma útlagður kostnaður stefnda í sambandi við flutning beggja málanna, kr. 577,20. Lækkar stefnandi þannig kröfu sína samkvæmt þessum lið niður í kr. 2.422,80.

Svo sem áður kemur fram, lét stefnandi rúmlega 3 ár og 4 mánuði líða, án þess að séð verði, að hann hafi gert athugasemdir við reikning stefnda fyrir flutning máls eigenda Þingeyjar. Þá verður ekki heldur séð, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til heimtu hinnar ofteknu málflutningsþóknunar úr hendi stefnda, frá því úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins gengu og þar til mál þetta var höfðað eða í rúmlega 3 ár og 4 mánuði. Verður því að telja, að stefnandi hafi með aðgerðaleyfi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umræddra mála. Krafa stefnanda undir þessum lið verður því ekki tekin til greina.

Um d. Hinn 29. apríl 1943 brotnaði skrífuöxull í v/s Sæfinni, þar sem það var statt 223 sjómílar í suðaustur frá Vestmannaeyjum. Kom varðskipið Ægir á vettvang og dró síðan Sæfinn til Vestmannaeyja, og þangað var komið 2. maí s. á. Taldi stefnandi, að hjálpi sú, er Ægir veitti Sæfinni í umrætt skipti, væri björgun í skilningi siglingalaganna, og var höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur á hendur eiganda Sæfinns til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 165.000,00, auk vaxta og málskostnaðar. Eigandi Sæfinns krafðist þess, að málinu yrði vísað

frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna, og var henni hrundið með úrskurði sjó- og verzlunardómsins. Úrskurð þennan kærði eigandi Sæfinns til Hæstaréttar, og var kærumálið einnig flutt munnlega þar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. desember 1943, var úrskurði sjó- og verzlunardómsins hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá var stefnandi dæmdur til að greiða eiganda Sæfinns kr. 600,00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Stefndi flutti mál þetta af hálfu stefnanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og reiknaði sér kr. 13.550,00 í þóknun fyrir málflutninginn. Sendi hann stefnanda málskostnaðarreikning 5. apríl 1946. Með bréfi, dags. 17. október s. á., mótmælti stefnandi málskostnaðarreikningnum sem allt of háum. Þau mótmæli tók stefndi ekki til greina, og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, tilfærir stefndi málskostnaðinn óbreyttan frá því, sem áður var. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitar stefnandi úrskurðar stjórnarinnar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn, og að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði, upp kveðnum 13. júní s. á., þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 2.500,00.

Fjárhæðin undir þessum lið er mismunurinn á hinn úrskurðuðu þóknun og þóknun þeirri, sem stefndi reiknaði sér, en undir rekstri málsins hefur stefnandi samþykkt, að til frádráttar megi koma útlagður kostnaður stefnda í sambandi við málflutninginn, kr. 101,05. Lækkar kröfuliður þessi því niður í kr. 10.948,95.

Frá því að stefnandi mótmælti málskostnaðarreikningi stefnda og þar til hann leitaði til stjórnar Lögmannafélagsins, liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður Lögmannafélagsins var upp kveðinn og þar til mál þetta var höfðað eða í 2 ár og 10 mánuði, sést ekki, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Hefur því stefnandi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að telja verður, að hann hafi með aðgerðaleyfi firrt sig rétti til að heimta hina ofteknu málfaerslupóknun úr hendi stefnda. Umræddur kröfuliður verður því ekki tekinn til greina.

Um e. Hinn 30. marz 1943 var norska skipið Rolf Jarl statt á Eyjafirði nálægt Hrólfsskerri, er stýri þess brotnaði. Sendi skipið

út neyðarmerki og það um hjálp. Skip stefnanda, Súðin, er var stödd við Hrisey, heyrði neyðarkallið og fór hinu nauðstadda skipi til aðstoðar. Kl. 7.30 síðdegis þennan dag hafði tekizt að koma á dráttarsambandi milli skipanna, og hélt Súðin af stað með Rolf Jarl í eftirdragi, en kl. 7.48 slitnaði dráttartaugin. Viðbúnaður var þá hafður til þess að koma annarri dráttartaug í skipið, en er skipverjar á Rolf Jarl voru inntir eftir því, hvort þeir vildu frekari hjálp, höfnuðu þeir henni, enda var þá annað skip komið á vettvang og búið að koma dráttartaug í Rolf Jarl. Hvarf Súðin þá frá við svo búið, en Rolf Jarl komst til hafnar með aðstoð annars aðilja.

Eftir að Rolf Jarl var kominn í höfn á Akureyri, lét stefnandi gera löghald í skipinu til tryggingar væntanlegum björgunarlaunum. Var skipinu bönnuð brottför frá Akureyri, fyrr en sett hefði verið full trygging fyrir björgunarkröfunni. Höfðaði stefnandi síðan mál til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 739.868,98, auk vaxta og málskostnaðar. Úrslit máls þessa urðu þau bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að stefnanda voru dæmdar kr. 4.000,00 í bætur fyrir tjón, er Súðin varð fyrir vegna björgunartilraunar sinnar, en málskostnaður var felldur niður.

Stefndi flutti mál þetta fyrir stefnanda, og reiknaði hann sér kr. 57.000,00 í málflutningslaun fyrir báðum dómum. Sendi stefndi hinn 5. apríl 1946 stefnanda reikning fyrir málflutninginn í héraði, og með bréfi 17. október s. á. mótmælti stefnandi málskostnaðar-reikningnum sem hreinni fjarstæðu. Á reikningi, dags. 17. október 1950, frá stefnda til stefnanda eru málflutningslaun fyrir báðum dómum að meðtöldum kostnaði tilfærð með kr. 57.341,23. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitaði stefnandi úrskurðar stjórnarinnar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði, upp kveðnum 13. júní s. á., þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 12.000,00.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfuna undir þessum lið um kr. 341,23, en það er útlagður kostnaður stefnda. Krafa stefnanda undir þessum lið nemur því mismuninum á hinni úrskurðuðu þóknun og þóknun þeirri, sem stefndi reiknaði sér.

Frá því að stefnandi mótmælti reikningi stefnda fyrir flutning málsins í héraði og þar til hann leitaði til stjórnar Lögmannafélagsins, liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða

það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins var kveðinn upp og þar til mál þetta var höfðað eða í 2 ár og 10 mánuði, sést ekki, að stefnandi hafi aðhafzt neitt til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að hann hafi með aðgerðaleysi firrt sig rétti til að heimta hina ofteknu málfærsluþóknun frá stefnda. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um f. Stefndi hefur viðurkennt kröfuna undir þessum lið, en við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi samþykkt, að frá kröfunni megi draga útlagðan kostnað stefnda í Skeljungsmálinu, kr. 238,09. Lækkar því krafa stefnanda samkvæmt þessum lið niður í kr. 3.500,00, sem verður tekin til greina með þeirri fjárhæð.

Um III. Kröfuna undir þessum lið reisir stefnandi á því, að stefnda hafi sem málflutningsmanni hans borið að innheimta beinan kostnað v/s Ægis við hjálp þá, sem m/s Sæfinni var veitt og um er rætt í d-lið hér að framan. Hafi kostnaðurinn numið greindri fjárhæð. Þá kveðst stefnandi í mörgum bréfum hafa falið stefnda innheimtu kröfunnar. Þeim bréfum hafi stefndi ekki svarað, og telur stefnandi sig því hafa haft ástæðu til að líta svo á, að stefndi tæki innheimtuna að sér. Hins vegar hafi komið á daginn, að stefndi hafi ekkert gert til að innheimta kröfuna, heldur látið hana fyrnast í höndum sér. Telur stefnandi sig því eiga rétt til skaðabóta úr hendi stefnda, er svari til fjárhæðar kröfunnar.

Stefndi reisir kröfu sína um sýknu af umræddum kröfulið á þeim grundvelli, að honum hafi verið innheimta þessi algerlega óviðkomandi. Mótmælir hann því, að það hafi verið í verkahring hans sem lögmanns stefnanda að innheimta kröfuna. Heldur stefndi því fram, að þegar málaferlum þeim, er um getur í d-lið, hafi verið lokið og dómur Hæstaréttar fenginn um það, að krafa stefnanda vegna hjálpar v/s Ægis við m/s Sæfinn heyrði ekki undir úrlausn dómstóla, þá hafi afskiptum hans sem málflutningsmanns stefnanda af málinu verið lokið, enda hafi það verið hreint innheimtustarf að fá kostnað Ægis fyrir hjálpina greidda, er skrifstofufólk stefnanda hafi getað annazt.

Það verður að teljast ósannað gegn mótmælum stefnda, að umrædd innheimta hafi fallið undir starf hans sem lögmanns stefnanda. Þá er og ósannað, að stefndi hafi sérstaklega tekið innheimtuna að sér. Athugast í þessu sambandi, að fyrsta bréfið,

sem stefnandi ritar stefnda varðandi innheimtu þessa, er dagsett 17. október 1946, og var þá krafan, er innheimta skyldi, fyrnd, sbr. 4. tölul. 251. gr. siglingalaganna. Hefur því umrædd skaðabótakrafa stefnanda ekki við rök að styðjast.

Um II. Með úrlausnum þeim á kröfum stefnanda, er að fram-
an getur, er fallinn grundvöllurinn undir vaxtakröfu stefnanda samkvæmt þessum lið, og verður hún því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnað, er ákveðst kr. 700,00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt sam-
dómendunum Ragnari Jónssyni hrl. og dr. Jóhannesi Nordal hag-
fræðingi.

Þar sem mál þetta er allumfangsmikið og vegna mikilla anna við borgardómaraembættið hefur dómur í málinu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 3.500,00 með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1955 til greiðsludags og kr. 700,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1959.

Nr. 147/1959. Magni Guðmundsson

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magni Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.